

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Fjallableikja ehf.	29.11.2018	Hallkelshólum, Grímsnesi	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
670809-0720	12.10.2021	Já	Landeldi, allt að 20 tonnum

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Umfang um 100 tonn á ári, það sem af er 2018 93 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Búið að sækja um nýtt starfsleyfi. Meltutankur Búið að grafa upp og skipta um jarðveg undir olúgeymi. Nýir-fóðrarar Tæma oftur úr settjörn. Mæla N, NH ₃ og pH
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningar í excel. Framleiðsla og afföll. Afföll skráð daglega og vikulega sett inn í excel. Kvittanir vantar fyrir losun spilliefnabrusa. Ekki hefur verið fylgst með vatnsnotkun eða losun fosfórs í umhverfið.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og		X		Viðbragðsáætlun þarfnast uppfærslu.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Þarfnast uppfærslu.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrarar sem er fyllt á daglega út frá útreikningum. Einnig daglegt sjónmat.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Mæling 29.08.18 Heildar N <0,5 mg/L. Þarf að umreikna í losun í kg/framleitt tonn árs 2018. Vantar mælingu á fosfór.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		X		Eitthvað set er við frárennslis og í skurði að settjörn. Stór fiskur sjáanlegur, sem hefur skv. rekraraðila ólíklega komið úr frárennslis kerja heldur úr tjörnum nálægt þar sem eitthvað hefur verið um að fiski sé sleppt. Engin ólykt eða hitauppgufun var af frárennslis, en var mikið frost og stilla. Plasttankur hefur fokið út í miðja settjörn. Bóndi á Klausturhólum hefur tekið úr settjörn og notað sem áburð.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í	X			Frárennslis útikerja rennur eftir skurði að settjörn. Net er strengt yfir skurðinn til að safna fastefni í og

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				varna slysasleppingum, en þar sem nokkrir fiskar voru sjáanlegir innan netsins, virðist það ekki sinna hlutverki sínu, ef rétt er að fiskarnir komi úr nálægum tjörnum. Frárennsli frá innikerjum sem sameinast læk og yfirfalli vatns úr vatnshúsi. Lækurinn sameinast skurði frá útikerjum og rennur í settjörn. Einnig rennur í settjörnina lækur við hlið íbúðarhúss Hallkelshóla. Úr settjörnninn rennur vatnið og sameinast frárennsli frá tjörnum og sumarhúsabyggð.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Ferskvatn, sjá ofar.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Ekki hefur verið fylgst með vatnsgæðum í viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fór áður í almennt sorp þar sem rekstraraðili stóð í þeirri trú að sorpið væri flokkað. Hann fer núna í meltu. Settir hafa verið upp þrjár meltutankar. Skoða þarf umgengni við tanka og hvort nota þurfi frekari síru. Einnig þarf að skoða hvort meltutankar séu viðunandi. Ekki hefur verið ákvörðuð tíðni losunar eða hvað mun verða um meltu sem til verður í tönkunum. Almennt sorp fer flokkað á gámastöð í Seyðishólum.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Á ekki við.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Hafa skilað inn mælingum á köfnunarefni í frárennsli.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?	X			Áætla að mæla köfnunarefni, fosfór, COD og svifagnir fljótlega.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er það skv. starfsleyfi?				Sýni ehf.
Hver sér um mælingarnar?				

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Sex frávik komu fram í eftirliti er varða að rekstraraðili framleiðir of mikið magn fiskjar í stöðinni, viðbragðs og neyðaráætlun er ekki til staðar, skáningar á losun efna út í umhverfið er ábótavant, umgengni á lóð er ábótavant, frágang olúgeymis og að slý sést við frárennsli. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

Samantekt:

Búið var að skila inn viðbragðs- og neyðaráætlunum, en þær þarfnast þó uppfærslu. Eftirlitsaðili hefur sent leiðbeiningar. Einnig var búið að bregðast við frávikum um frágang við olúgeymi og skipta um jarðveg undir eldri geymi. Búið var að bæta talsvert úr umgengni. Niðurstöður mælinga voru sendar inn. Ekkert slý sást við frárennsli eða lykt, en talsvert frost og stilla voru. Amk 3 stórir fiskar sáust við frárennsli útikerja, rekstraraðila er bent á að fjarlægja þá sem fyrst.

Frávik er varðar skráningar og nýtt frávik er varðar olúgeymi komu fram við eftirlitið. Ábending er gerð er varðar að fjarlægja tank úr settjörn.

Annað:

Tveir olúgeymar eru á svæðinu. Búið er að skipta um jarðveg undir eldri olúgeymi og setja fyrir hann óeiginlega árekstrarvörn til að bregðast við frávikum seinasta árs. Geymirinn er þó gamall og ryðgaður og engar lekavarnir. Engin yfirfyllivörn er eða útsláttur á dælubyssu, og uppfyllir hann því ekki kröfur gerðar í 41. grein nýrrar reglugerðar um varnir gegn olúmengun frá starfssemi á landi, 884/2017.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallableikja ehf Hallkelshólum



Dags eftirlits	3.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Fjallableikja ehf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hallkelshólum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Friðmar Backman	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Frávik er varðar umfang starfsleyfis frá eftirliti 2017 er ítrekað.

Búið er að bregðast við frávikum seinasta eftirlits er vörðuðu umgengni, neyðar- og viðbragðsáætlun og frágang olúgeymis. Nýtt frávik kom þó fram við eftirlitið er varðar olúgeymi og ábending er gerð er varðar uppfærslu áætlana.

Við eftirlitið kom einnig nýtt frávik fram frá samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi, er varðar skráningar. Auk ábendingar er varðar uppfærslu áætlana eru tvær aðrar ábendingar gerðar, er varða fisk við frárennsli og plasttank sem er í settjörn.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi Skráningum er ábótavant. Skrá þarf vatnsnotkun og notkun spilliefna, hreinsiefna og lyfja. Afstöðumynd af stöð vantar.

Gr. 41 í reglugerð 884/2017 um varnir gegn Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við olúmengun frá starfsemi á landi rekstur neyslugeyma. Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfiryllingarviðvörðun eða yfiryllingarvörn. Neyslugeymir skal útbúinn með afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirylling á sér stað. Eldri geymir er hvorki með yfiryllingarvörn né útsláttarbúnaði.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal senda inn uppfærðar neyðar- og viðbragðsáætlanir í samræmi við leiðbeiningar eftirlitsaðila. Rekstraraðili er bent á að fjarlægja fisk við frárennsli. Ábending er einnig gerð er varðar að fjarlægja tank sem er í miðri settjörn.

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Rekstraraðila er bent á að síðan seinasta eftirlit fór fram hefur ný reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfssemi á landi tekið gildi og vísað er í hana í eftirlitsskýrslu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2019

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

